

## Úr 92. KAFLA:

9203.0000

Pípuorgel o.þ.u.l. til notkunar í kirkjum

## Úr 94. KAFLA:

9402.1000 til

9402.9000

Húsgögn til lyflækninga, skurðlækninga, tannlækninga eða dýralækninga (t.d. skurð-arborð, rannsóknaborð, sjúkrarúm með vélrænum búnaði, tannlæknastólar); rakara-stólar og áþekkir stólar sem búnir eru snúnings-, jafnt sem halla- og lyftubúnaði; hlutar til framangreindra vara

Auglýsing þessi, sem öðlast gildi, 1. nóvember 1989 kemur í stað auglýsingar ráðuneytis-ins nr. 548/1988 um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

*Viðskiptaráðuneytið, 24. október 1989.*

**Jón Sigurðsson.**

*Atli Freyr Guðmundsson.*

Nr. 490

16. október 1989

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. október  
til 31. október 1989.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verð-grundvöll fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. október til 31. október 1989:

**Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:**

SDR pr. lb. cif.

Færi en 60 stk. í lb. . . . . .	2,90
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað . . . . .	2,69
Hálfrhainsaður . . . . .	1,32
Rauður og brotinn . . . . .	1,63

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. október 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*